



Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar 24-27. fundur, 29. sept, 30. sept, 13. okt, 28. okt 2008.

Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar hélt 24-27. fundi sína og bókaði þá á 28. fundi þriðjudaginn 28. október 2008, kl. 13:00 að bæjarskrifstofu, Hnjúkabyggð 33. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Héðinn Sigurðsson setti fundinn og stjórnaði honum.

Málefni:

1. Vinnufundir
2. Staða framkvæmda
3. Næstu skref
4. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Vinnufundir um byggingu sundlaugar voru haldnir þann 29. september, 30. september, 13. október og 28. október. Á fundinum hefur verið farið yfir hönnunarforsendur, efnisval, tækjabúnað, vatnsrennibrautir, verkstöður og framvindu verksins.
2. Farið var yfir stöðu sundlaugarbyggingarinnar. Búið er að steypa allar undirstöður í kjallaranum nema í norðurbyggingunni. Steyptir hafa verið suðurveggir í kjallara og sökklar undir pottum. Stefnt er að því að steypa sundlaugarker í annari viku í nóvember. Búið er að samþykkja tvo verkstöðureikninga.
3. Beðið er eftir gögnum frá fleiri framleiðendum vatnsrennibrauta til að bera saman aðra valkosti. Stefnt er að sameiginlegum hönnunarfundi í næstu viku. Vinnu við útboðsgögn og undirbúning næstu verkþátta er á ágætu róli.
4. Engin önnur mál voru færð til bókar.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 14.30.

Héðinn Sigurðsson
Guðmundur Haraldsson, umsjónarmaður íþróttamiðstöðvar
Stefán Árnason

Ágúst Þór Bragason